



## Vefur

Á vef Fjölmenningarseturs, [mcc.is](http://mcc.is) og [fjolmenningarsetur.is](http://fjolmenningarsetur.is), er að finna upplýsingar um Ísland og íslenskt samfélag. Áhersla er lögð á að fólk sem flyst til landsins erlendis frá geti kynnt sér réttindi sín og skyldur og nálgast upplýsingar um hversdagslega hluti á auðveldan hátt.

Vefurinn er á fimm tungumálum, þ.e. **íslensku, ensku, pólsku, serbnesku/króatísku** og **taílensku**. Upplýsingarnar á erlendu tungumálunum er hægt að kalla fram ásamt íslenskum texta. **Orðskýringar** eru á vefnum sem verið er að þýða á framangreind tungumál. Í vinnslu er sérstakt **sveitarfélagaviðmót** þar sem hægt verður að leita eftir helstu nærþjónustu í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

## Fjölmenningarsetur

Árnagötu 2-4 400 Ísafirði, sími 450 3090  
Austurland sími 895 0043

**pólska** sími 470 470 8

**taílenska** sími 470 470 2

**serbneska/króatíska** sími 470 470 9

[info@mcc.is](mailto:info@mcc.is) & [fjolmenningarsetur@fjolmenningarsetur.is](mailto:fjolmenningarsetur@fjolmenningarsetur.is)  
[www.mcc.is](http://www.mcc.is) & [www.fjolmenningarsetur.is](http://www.fjolmenningarsetur.is)

## Starfsfólk

**Ari Klængur Jónsson**, verkefnisstjóri í upplýsingamiðlun  
[ari@fjolmenningarsetur.is](mailto:ari@fjolmenningarsetur.is)

**Barbara Gunnlaugsson**, ráðgjafi  
[barbara@fjolmenningarsetur.is](mailto:barbara@fjolmenningarsetur.is)

**Elsa Arnardóttir**, framkvæmdastjóri  
[elsa@fjolmenningarsetur.is](mailto:elsa@fjolmenningarsetur.is)

**Helga Magnea Steinsson**, verkefnisstjóri þróunarverkefna og móttökuáætlana sveitarfélaga  
[helga@fjolmenningarsetur.is](mailto:helga@fjolmenningarsetur.is)

**Hrefna Ragnheiður Magnúsdóttir**, verkefnisstjóri einstaklingsþjónustu og þróunarverkefna í velferðarþjónustu  
[hrefna@fjolmenningarsetur.is](mailto:hrefna@fjolmenningarsetur.is)

**Pom Shintu Björnsson**, ráðgjafi  
[pom@fjolmenningarsetur.is](mailto:pom@fjolmenningarsetur.is)



# FJÖLMENNINGARSETUR



## Hlutverk

**Upplýsingamiðlun** til einstaklinga.

**Hafa umsjón** með samræmingu og ráðgjöf við miðlun upplýsinga um hlutverk og þjónustu stofnana ríkis og sveitarfélaga.

**Veita ráðgjöf** við stefnumótun og framsetningu upplýsinga innan stjórnsýslunnar og leiðbeiningar við gerð verkferla og verklagsreglna.

**Hafa yfirlit** yfir rannsóknir og þróunarverkefni.

**Miðla upplýsingum** um íslenskunámskeið, fræðslunámskeið og þá þjónustu sem er í boði svo sem ráðstefnur og fyrirlastra.

**Halda skrá** yfir sjálfstætt starfandi túlka og þá túlka- og þýðingapjónustu sem er í boði.

**Bæklingur um skóla- og samskiptareglur grunnskólans, ætlaður börnum sem eru að byrja í skóla og kunna ekki að lesa eða skrifa. Fáanlegur hjá Fjölmeningarsetri.**



## Markmið

**Að stuðla að** jafnrétti þannig að staða fólks í íslensku samfélagi sé óháð litarhætti, kynþætti, tungu og trúarbrögðum einstaklinganna.

**Að auðvelda** aðlögun fólks að íslensku samfélagi, meðal annars með því að gera því mögulegt að viðhalda menningararfi sínum.

**Að vinna** að því að íslenskunám og fræðsla um íslenskt samfélag standi öllum til boða.

**Að efla** fræðslu um mannréttindi fyrir alla íbúa landsins, sérstaklega með tilliti til ólíks uppruna, menningar, tungumáls og trúarbragða.

## Upplýsingasími

**pólska** 470 470 8

**serbneska/króatíska** 470 470 9

**tailenska** 470 470 2

Í upplýsingasímanum geta einstaklingar leitað eftir upplýsingum um stöðu sína á Íslandi í algjörum trúnaði því allir starfsmenn vinna undir þagnareid. Símtöl eru ekki rakin og undir einstaklingnum komið hvort þeir vilja segja til nafns.

## Dæmi um samstarfsverkefni

Nám í samfélagstúlkun

Dagatal með helstu trúarbrögðum

Verklagsreglur í túlkaþjónustu

Lesfærni í fjarkennslu

Könnun á viðhorfum innflytjenda

Samskiptabók um mæðravernd

## Saga

Í kjölfar þingsályktunar Alþingis árið 2000 var **félagsmálaráðherra** falið að koma á fót þjónustu við innflytjendur sem staðsett yrði á **Ísafirði**. Í aðdraganda ályktunarinnar höfðu einstaklingar og frjáls félagasamtök, svo sem **Rætur** og **Rauði krossinn**, verið mjög virk í að koma til móts við innflytjendur og kölluðu þessir aðilar eftir þátttöku stjórnvalda við móttöku innflytjenda. Fjölmeningarsetur opnaði formlega þann 30. júlí 2001 og þá með einn starfsmann. Stafsemi **Fjölmeningarseturs** hefur aukist jafnt og þétt og fyrri hluta árs 2008 tók sjötti starfsmaðurinn til starfa, staðsettur á Austurlandi.

## Móttökuáætlanir

Hjá **Fjölmeningarsetrinu** er lögð rík áhersla á sem viðtækast samstarf við alla sem koma að málefnum innflytjenda til að byggja upp og þróa öflugna þjónustu. Fjölmeningarsetrið vinnur með sveitarfélögum að gerð **móttökuáætlana** fyrir nýja íbúa. Í undirbúningi er leiðarvísir að móttökufæri þar sem áhersla er bæði lögð á að sveitarfélögin geti bætt þjónustu sína við innflytjendur og þeir sömuleiðis nýtt sér þá þjónustu sem er í boði í viðkomandi sveitarfélagi.

## Textavarpið

Fjölmeningarsetur birtir fréttir og tilkynningar á textavarpí sjónvarps í samstarfi við RÚV. Pólska á síðu 138 og serbneska/króatíska á síðu 139

## Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda

